



## LÖG SÖGUFÉLAGS

### I. Nafn félagsins og heimilisfang

#### 1. grein.

Nafn félagsins er Sögufélag. Heimilisfang þess og varnarþing er í Reykjavík.

### II. Markmið félagsins

#### 2. grein.

Markmið félagsins er að gefa út tímarit, heimildarit og annað efni um sagnfræði og söguleg efni, einkum um sögu Íslands.

### III. Aðild

#### 3. grein.

Félagsmenn

Allir áhugamenn um sögu geta orðið félagsmenn í Sögufélagi. Félagsaðild er bundin því að þeir gerist fastir kaupendur að tímaritum félagsins, enda hafi þeir greitt síðasta árgang þeirra fyrir aðalfund.

#### 4. grein.

Heiðursfélagar

Heimilt er að kjósa heiðursfélaga Sögufélags á aðalfundi samkvæmt tillögu félagsstjórnar.

### IV. Félagssfundir

#### 5. grein.

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins skal halda í Reykjavík ár hvert. Er hann æðsta vald í málefnum félagsins. Reikningsár félagsins er frá 1. september til 31. ágúst. Aðalfundur skal að jafnaði haldinn að vori. Til aðalfundar skal boðað með minnst viku fyrirvara á vefsíðu félagsins ásamt því að auglýsa fundarboð í fjölmiðlum. Aðalfundi stýrir kjörinn fundarstjóri sem skal í upphafi kanna lögmati fundar. Halda skal fundargerð um aðalfund og skulu fundarstjóri og fundarritari undirrita hana.

#### 6. grein.

Dagskrá aðalfundar

Dagskrárliðir á aðalfundi skulu vera:

1. Skýrsla stjórnar
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar
3. Lagabreytingar
4. Kjör stjórnar og annarra trúnaðarmanna
5. Önnur mál.



7. grein.

Aðrir félagsfundir

Stjórnin getur boðað til annarra funda með félagsmönnum um málefni félagsins. Skulu fundargerðir slíkra funda skráðar. Stjórnin skal einnig halda félagsfund ef minnst 30 félagsmenn fara skriflega fram á slíkt.

8. grein.

Kjör stjórnar og skoðunarmanna reikninga

Fyrir Sögufélagi ræður stjórn fimm aðalmanna og tveggja varamanna kjörinna á aðalfundi. Forseti skal kjörinn sérstaklega til tveggja ára í senn og má endurkjósa hann fjórum sinnum. Aðrir aðalmenn og báðir varamenn skulu kjörnir til eins árs í senn og mega þeir eigi sitja lengur en sex ár samfelld í stjórn. Skulu aðalmenn kjörnir fyrst og síðan varamenn. Auk þess skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga félagsins og einn til vara. Fyrsta stjórnarfund skal halda svo fljótt sem verða má eftir aðalfund. Skulu þá kjörnir ritari/skjalavörður gjaldkeri og kynningarstjóri úr hópi aðalmanna.

9. grein.

Störf stjórnar

Stjórn Sögufélags tekur ákvarðanir um útgáfumál, mannráðningar og annan rekstur félagsins. Hún setur tímaritum félagsins ritstjórn, skipuleggur bókaútgáfu þess og ákvarðar starfstíma ritstjórnarmanna. Heimilt er stjórninni að skipa fastanefndir. Stjórnin ákvarðar þóknun til handa forseta félagsins og ritstjórum. Fundargerðir stjórnar skulu skráðar og undirritaðar af stjórnarmönnum. Fundargerð skal vera fullgild sönnun þess sem fram hefur farið á fundinum.

## V. Önnur ákvæði

10. grein.

Um breytingar á lögum félagsins

Lögum félagsins má ekki breyta nema á aðalfundi enda sé lagabreytingartillagan kynnt í fundarboði. Til lagabreytingar þarf samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna, sbr. 3. gr.

11. grein.

Komi fram tillaga um að slíta félaginu, fer um þá tillögu sem um lagabreytingartillögu, sbr. 10. gr., að öðru leyti en því að þá þurfa 3/4 fundarmanna að samþykkja tillögu um slitin. Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við annað félag sem hefur sama markmið, sbr. 2. gr. þessara laga. Verði tillaga um slit félagsins eða samruna við annað félag samþykkt, skal hreinni eign félagsins ráðstafað í samræmi við markmið félagsins, sbr. 2. gr., og samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

(Samþykkt á aðalfundi Sögufélags þann 17. september 2016)